

Kæru foreldrar

Í dag erum við í nýjum og krefjandi aðstæðum.

Við stjórnendur skóla-, frístunda- og velferðarmála í Grindavík í samstarfi við skólastjórnendur erum þessa dagana að leggja mat á stöðuna þannig að hægt sé að efla virkni barnanna okkar sem stuðlar að betri líðan þeirra.

Við viljum boða til foreldrasamveru á föstudaginn 17. nóvember kl. 13:00 í Laugardagshöll, börn velkomin með, þar sem þetta allt verður kynnt nánar en rétt er að upplýsa ykkur strax um nokkur atriði sem við erum að vinna að:

- 1) Við höfum haldið nokkra gagnlega samstarfsfundi með m.a. sveitarfélögum á suðvesturhorninu, mennta- og barnamálaráðuneytinu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og almannavarnavörnum. Allir eru boðnir og búnir að aðstoða okkur í þessum krefjandi aðstæðum
- 2) Unnið er að því að ráða verkefnastjóra í málefnum barnanna okkar. Það auðveldar okkur að hafa góða yfirsýn yfir þjónustu við börn á grundvelli ákvörðunar bæjarstjórnar og sviðstjóra.
- 3) Unnið er að því að ráða samskipta- og stuðningssérfræðing sem styður stjórnendur í upplýsingagjöf til bæjarbúa.
- 4) Leitast verður við að veita aukinn stuðning vegna yfirsýnar í málefnum barnaverndarþjónustu og almennrar velferðarþjónustu við börn og barnafjölskyldur.
- 5) Í dag erum við að vinna að því að kortleggja m.a.:
  - a. staðsetningu barna (hvar eru fjölskyldur í dag), hver er fjöldi barna sem þegar eru komin í skóla
  - b. hver er staða starfsfólks í grunnskólanum og leikskólunum.
  - c. við erum að leggja mat á hvernig hægt er að koma til móts við stuðningsþörf einstakra barna
  - d. við erum að skoða mögulega hópskiptingu í skólastarfi sem komið verður á laggirnar.

Hægt verður að taka þátt í gegnum streymi og verða leiðbeiningar varðandi það á heimasíðu Grindavíkurbæjar [www.grindavik.is](http://www.grindavik.is)

Þjónustumiðstöð Grindavíkur er staðsett í Tollhúsinu, Tryggvagötu 19, í Reykjavík (<https://ja.is/kort/?x=356968&y=408427&nz=17.00&page=1&q=tryggvagata%2019>). Bílastæði eru í bílastæðahúsi rétt við húsið. Auðvelt er að komast með strætó og biðstöð er í Lækjargötu.